

Nd.

252. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að gera tillögur um niðurfærslu á útgjöldum ríkisins.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa fimm manna nefnd til þess:

1. Að rannsaka möguleika á og gera tillögur um lækkun á útgjöldum ríkissjóðs, t. d. með fækkun opinberra starfsmanna, afnámi ónauðsynlegra styrkveitinga og sparnaði i þjóðarbúskapnum yfirleitt.
2. Að rannsaka rekstur hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja ríkisins og gera tillögur um niðurfærslu tilkostnaðar við þær.

Embættismönnum og starfsmönnum ríkisins eða ríkisstofnana skal skylt að láta nefndinni i heild eða hverjum einstökum nefndarmanna í té sérhverjar upplýsingar, er varða embætti þeirra eða stofnun þá, er þeir vinna við.

Á s t æ ð u r.

Sökum erfiðrar afkomu atvinnuveganna og þverrandi gjaldþols landsmanna virðist fyrirsjáanlegt, að tekjur ríkissjóðs hljóti að rýrna tilfinnanlega. Meðan svo er ástatt sem nú er, getur ekki komið til mála að auka skattabyrði landsmanna, heldur væri miklu fremur ástæða til að létta álögum af að einhverju leyti. Þegar þessa er gætt, er Alþingi skylt að gera þær ráðstafanir, sem unnt er til þess að draga úr útgjöldum ríkisins, og þessar ráðstafanir hefir þingið i hendi sér að gera, ef meiri hluti þess vill svo vera láta.

Ríkið hefir ennfremur margskonar starfsemi með höndum, svo sem verzlunarrekstur, skipaútgerð o. fl., meiri og margþættari en áður hefir átt sér stað. Þessi ríkisrekstur fer vaxandi hröðum skrefum, og er því engu síður nauðsynlegt, að Alþingi beini athygli sinni að stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir ábyrgð og áhættu ríkisins, þegar um það er að ræða að draga úr kostnaði hins opinbera.